

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1986 var lagt fram á Alþingi samhliða fjárlagafrumvarpi og er það nýlunda. Í samræmi við nýsett lög um breytta framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga, lög nr. 84/1985, um breytingu á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, er lánsfjáráætlun nú hluti af fjárlagafrumvarpi. Nefndin fagnar þessum breytingum og telur samhengi frumvarpanna mun ljósara en áður. Jafnframt fæst mun heillegri mynd af ríkisfjármálunum og áhrifum þeirra á efnahagsstarfsemina. Breytt framsetning leggur þá kvöð á þingmenn að afgreiða lánsfjárlög jafnhliða fjárlögum.

Í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1986 er heildarlánsfjáröflun opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja 11 526 m. kr. Þar af er ráðgert að afla 3 590 m. kr. innanlands og 7 936 m. kr. með erlendum lántökum. Erlend skuldasöfnun og viðskiptahalli við útlönd hefur verið stjórnvöldum áhyggjuefni um nokkurt skeið og er svo enn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn nemi 4 300 m. kr. á árinu 1986. Ráðgert er að mæta þessum halla annars vegar með erlendum lántökum til langs tíma að upphæð 2 066 m. kr. umfram afborganir og hins vegar með skammtímalántökum erlendis að fjárhæð 2 234 m. kr.

Þegar fjármálaráðherra mælti fyrir fjárlagafrumvarpinu og frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1986 gerði hann grein fyrir nokkrum veigamiklum ráðstöfunum sem hann hygðist beita sér fyrir við meðferð Alþingis. Hér mun gerð stutt grein fyrir þessum ráðstöfunum og þeim erindum sem meiri hl. nefndarinnar telur nauðsynlegt að verði athuguð frekar fyrir lokaafgreiðslu lánsfjárlaga. Þær breytingar, sem hér um ræðir, fela í sér 800 m. kr. lækkun á erlendum lántökum. Í fyrsta lagi er lánsfjárbörf A-hluta ríkissjóðs lækkuð um 500 m. kr. Í öðru lagi eru lántökur fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs lækkaðar um 300 m. kr., þar af 250 m. kr. til Landsvirkjunar og 50 m. kr. til Próunarfélags. Lækkun á lántökum Landsvirkjunar miðast að mestu við að fresta því um eitt ár, eða til 1990, að taka Blönduvirkjun í notkun.

Auk þessa gerði fjármálaráðherra grein fyrir áformum um frekari skerðingu framlaga til sjóða en áætlað var í fjárlagafrumvarpi og frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1986. Hér er um að ræða lækkun fjárveitinga um alls 34 m. kr. sem skiptist þannig: Kvikmyndasjóður 16 m. kr., Félagsheimilasjóður 6 m. kr. og Iðnlánasjóður 12 m. kr.

Að teknu tilliti til framangreindra breytinga, sem fjármálaráðherra boðaði, nemur heildarráðstöfun lánsfjár opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja 10 726 m. kr. Þar af er ráðgert að afla 3 590 m. kr. innanlands og 7 136 m. kr. erlendis.

Í samræmi við þetta flytur meiri hl. nefndarinnar brtt. við frv. á sérstöku þskj.\*

Ljóst er að breytingar verða á þeim fjárhæðum sem hér hafa verið nefndar. Þar ber fyrst að nefna áhrif afgreiðslu fjárveitinganefndar á lánsfjárbörf A-hluta ríkissjóðs sem þarf að sjálfsögðu að koma fram í 1. gr. lánsfjárlaga. Í öðru lagi hafa nefndinni borist nokkur erindi um lántökuheimildir sem ekki eru afgreidd. Hér er um að ræða óskir um 100 m. kr. lántöku til mengunarvarna í fiskimjölsverksmiðjum og 100 m. kr. lántöku útflutningslánasjóðs. Þá er og til umræðu að tryggja fjármagn til fiskræktar að upphæð 350 m. kr. án þess að raska niðurstöðutölum lánsfjárlaga. Tillaga er í nefndinni um að gera það með þeim hætti að liðurinn *Framkvæmdasjóður og fiskeldi*, sem er upp á 150 m. kr. í frumvarpinu, verði *Fiskeldi*. Eigið ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs hækki úr 230 m. kr. í 330 m. kr. og renni 100 m. kr. til fiskræktar. Loks fari 100 m. kr. af fé því, sem ætlað er Byggðastofnun, með

einhverjum hætti til fiskeldis, annaðhvort með því að stofnunin ráðstafi 100 m. kr. til þessa verkefnis eða lántökuheimild hennar lækki um 100 m. kr., en liðurinn *Fiskrækt* hækki sem því nemur.

Til nefndarinnar barst erindi frá grænfóðurverksmiðjunni Vallhólmi hf. um heimild til 23 m. kr. lántöku á árinu 1986. Nefndin taldi ekki efni standa til afgreiðslu málsins, m.a. vegna skorts á upplýsingum.

Á milli 2. og 3. umræðu mun nefndin fjalla nánar um þau atriði sem að framan greinir.

Alþingi, 10. des. 1985.

Ey. Kon. Jónsson.  
form., frsm.

Jón Kristjánsson.

Egill Jónsson.

Valdimar Indriðason.